

34. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps , aukafundur, Végarði 22.11 2016, kl. 13.30

Mættir voru aðalmenn sveitarstjórnar , Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson. Eyjólfur Ingvason 2. varamaður var mættur í forföllum Þorvarðar Ingimarssonar.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

- 1. Laugarfell**
- 2. Fjallaskarð**
- 3. Birtingaráætlun Austurbrúar 2017**
- 4. Fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2017, fyrri umræða**
- 5. 3ja ára fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2018-2020, fyrri umræða**
- 6. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1**

Drög að svari vegna kæru til úrskurðar-og auðlindanefndar

7. Önnur mál.

1. Laugarfell.

Páll Guðmundur Ásgeirsson annar rekstraraðila Laugarfellsskála kom til fundar 14:00.

Páll sagði reksturinn að mörgu leyti ganga ágætlega yfir sumarið , vinsælt væri hjá ferðamönnum bæði þeim sem ættu leið um svæðið og þeim sem eru í gistingu að fara í heitu laugarnar og sumarvertíðin væri að lengjast fram á haustið. Vetrarstarfsemi væri helst í því fólgin að taka á móti hópum og fyrirhugað að á næsta ári verði á tímabilinu febrúar til maí boðið upp á sækja fólk í Egilsstaði og skila því á sama stað, að lokinni dvöl í Laugarfelli . Þá væri mjög jákvætt varðandi starfsmannahald, að nú er til staðar starfsmannahús. Páll kynnti hugmyndir rekstraraðila að útvíkkun starfseminnar og sagði að til stæði að bjóða upp á skipulagðar ferðir næsta sumar, t.d. dagsferðir að Öskju. Boðið hefur verið upp á gönguferðir um svæðið með leiðsögn, en flestir veldu að ganga þar um án leiðsagnar. Páll sagði áhuga á að fá framlengdan samning við sveitarfélagið, en samningur sem í gildi er rennur út seint á árinu 2017.

Páll yfirgaf fundinn kl. 15.25

Rekstraraðilar eiga starfsmannahúsið, en samþykkt hefur verið að sveitarfélagið leysi það til sín. Stefnt er að því að það verði á árinu 2017 og þá verði einnig byggt ris á húsið, forstofa við útidyrhurð, m.a. til að koma í veg fyrir leka og húsið klætt að utan, eða málað sömu litum og Laugarfellsskáli er í. Sveitarstjórn samþykkir að í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár verði gert ráð fyrir kaupum á húsinu og framkvæmdum við það.

2. Fjallaskarð.

Málin lítillaga rædd, en frestað afgreiðslu. Oddvita falið að óska eftir að að fulltrúar frá 4x4 Austurlandsdeild mæti á næsta sveitastjórnarfund til viðræðna.

3. Birtingaráætlun Austurbrúar 2017.

Samþykkt af hálfu Fljótsdalshrepps og verður kostnaður Fljótsdalshrepps vegna þátttöku 231.250 kr. árið 2017.

4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2017, fyrri umræða.

Oddviti fór yfir fjárhagsáætlunina og eftir umræðu var samþykkt að vísa áætluninni til síðari umræðu,.

5. 3ja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2020, fyrri umræða

Oddviti fór yfir fjárhagsáætlunina og eftir umræðu, var samþykkt að vísa áætluninni til síðari umræðu, sem gert er ráð fyrir að verði 6. desember

Eyjólfur fór af fundi klukkan 17:45

6. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1

Oddviti lagði fram drög að svarbréfi vegna kæru til úrskurðar-og auðlindanefndar, drögin eru unnin af lögmanni sveitarfélagsins. Drögin rædd og samþykkt sem svar Fljótsdalshrepps til nefndarinnar.

7. Önnur mál

- a) Rætt um garnaveikibólusetningu árið 2016 og samþykkt að þeir bændur í Fljótsdal sem þurfa að láta bólusetja fé verði styrktir svo sem verið hefur, um sem nemur kostnaði við lyf.
- b) Óskað verður eftir að fulltrúar frá Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps mæti á næsta fund sveitarstjórnar til umræðu um málefni félagsins.
- c) Oddviti kynnti að einhver kostnaðarauki verður á yfirstandandi ári vegna félagslegrar liðveislu, sem Félagsþjónustan hefur samþykkt fyrir aðila með lögheimili í Fljótsdalshreppi.
- d) Fresta varð fyrirhugaðri kynningu á útgáfu Fljótsdælu vegna veikinda höfundar, en stefnt að því að kynningin verði á næstunni og jafnframt fyrirhugað að þá verði afhent gjafaeintök á öll heimili í sveitinni, eins og samþykkt hefur verið að gera.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.30. Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)